

Skólaráðsfundur 9.mars 2022

Mættir (fjarfundur): Petra Eiríksdóttir, Erla Björnsdóttir, Lís Greipsson, Sigríður Halldórsdóttir, Erla Edvardsdóttir, Thelma Huld Víðisdóttir, Hildur Snorradóttir og Eva Ómarsdóttir.

1. Kynning á foreldrakönnun Skólapúlsins. Lís skólastjóri útskýrði hvernig framkvæmd foreldrakönnunar og fór í gegnum niðurstöður hennar.

Úrbótaáætlun verður unnin með starfsmönnum skólans í ágúst og september 2022. Skýrsla og úrbótaáætlun verður svo sýnilegt á heimasíðu.

2. Skólalóð – úrbætur

Foreldrafélagið fékk umhverfissálfræðing til að hitta fulltrúa félagsins til að fá hans sjónarmið um lóðina í heild sinni. Hann skilaði af sér frummati. Foreldrafélagið hefur nýtt sér það til að ræða við stjórnarálflokka fyrir kosningar og bent á úrbætur á skólalóðinni. Foreldrafélagið hefur óskað eftir úttektum síðustu 5 ára á skólalóð Lágafellsskóla frá umhverfissviði Mosfellsbæjar.

Fundurinn er sammála um að það er mjög mikilvægt að tryggja öryggi barna á skólalóðinni sem fyrst. Stjórn foreldrafélagsins ætlar að halda áfram að beita sér í þessu máli.

3. Önnur mál

Þegar það er t.d. pizza eða hátíðarmatur í matinn þá er tillaga um að hætta að rukka þá nemendur sem ekki eru í áskrift og í stað þess að rukka sérstaklega fyrir það þá tekur skólinn þann kostnað á sig. Skólastjóri skoðar málið.

Fundarritari Guðrún I. Stefánsdóttir

Fundi slitið kl. 17:30.

Framhaldsfundur 1.júní 2022

Mættir: Lís Greipsson skólastjóri, Sigríður Halldórssdóttir, Erla Björnsdóttir, Hildur Snorradóttir og Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir.

1. Upplýsingar um starfsmannamál
 - Auglýsingar í fyrir heimilisfræðikennara, smíðakennara, enskukennara (afleysing), kennara í námsver í unglingsdeild (Fellið afleysing), íþróttakennari (afleysing).
 - Eftir að auglýsa eftir stuðningsfulltrúum og frístundaleiðbeinendum.

2. Þróun nemendafjölda

2021 – 2022

2022 – 2023

<ul style="list-style-type: none"> • 1.b – 50 3 • 2.b – 36 2 • 3.b – 47 2 • 4.b – 62 3 • 5.b – 72 3 • 6.b – 78 4 • 7.b – 69 3 • 8.b – 72 3 • 9.b – 75 4 • 10.b – 82 4 • Samtals – 643 • 31 bekkjardeild 	<ul style="list-style-type: none"> • 1.b – 54 3 • 2.b – 50 3 • 3.b – 36 2 • 4.b – 47 2 • 5.b – 62 3 • 6.b – 73 4 • 7.b – 78 4 • 8.b – 69 3 • 9.b – 72 3 • 10.b – 75 4 • Samtals – 615 (27 nemendum færri þegar þessar tölur eru teknar saman) • 31 bekkjardeildir
---	---

3. Breytingar á skólaráði fyrir haustið 2022. Eva Ómarsdóttir fulltrúi foreldra hættir og í stað hennar kemur María Arndal.

4. Dagskrá vordaga rædd

Vorhátíð yfirstaðin

Ferðir

Lágafellsleikar



Hassingleikar

Lokaverkefni í unglíngadeild

5. Önnur mál

Lesfimi – flottar niðurstöður. Nemendur í Lágafellsskóla eru að standa sig mjög vel í lesfimi.

Fyrirlögn maí 2022, Lágafellsskóli



6. Skólalóð

Úrbætur ræddar og foreldrafélagið heldur áfram að beita sér í þessu máli.

Kynning á foreldrakönnun leikskóla – svarhlutfall var 85%. 92,5 foreldra voru ánægð með leikskólann.

7. Skóladagatalið

Skólastjóri biður um leyfi skólaráðs til að færa starfsdag og búa til til 6 frídaga í röð til að fara í fræðsluferð til endurmenntunar haustið 2022. Skólastjóri leggur síðan fram ósk um breytingu á skóladagatali grunnskólahluta Lágafellsskóla fyrir Fræðslunefnd Mosfellsbæjar. Skólaráð samþykkir þessa breytingu.

Fundi slitið kl. 17:45

Fundarritari

Guðrún Ingibjörg Stefánsdóttir